

18. Janúar 2023



# Stefna í lánamálum og fjármögnun ríkissjóðs 2023

- Kynning fyrir fjárlaganefnd

Stjórnarráð Íslands  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



# Stefna í lánamálum

- Stefna í lánamálum 2023-2027 var birt 30. desember.
- Stefnan er sett fram á grundvelli fjármálaáætlunar og inniheldur hún markmið og viðmið fyrir lánastýringu ríkisins á tímabilinu.
- Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárförf og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs sé mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu.
- Markmiðið er að höfða til breiðs hóps fjárfesta og nýta fjölbreytta fjármögnunarmöguleika.
- Eitt af markmiðum er að stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisbréf.
- Einnig er miðað því að viðhalda aðgangi að alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum.



# Stefna í lánamálum frh.

- Stefnan skapar umgjörð fyrir aðgerðir í lánastýringu.
- Í stefnunni er lýst markmiðum við lánastýringu, viðmiðum við stýringu lánamála, núverandi samsetningu lána ríkissjóðs, helstu áhættuþáttum við lánastýringu og helstu áhættuskuld-bindingum ríkissjóðs.
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á lánaumsýslu ríkisins, mótar stefnu í lánamálum og tekur ákvarðanir um verðbréfaútgáfu.
- Lánamál ríkisins, sérstök deild innan Seðlabanka Íslands, sér um framkvæmd stefnunnar í samræmi við samning á milli þessara aðila.



# Helstu atriði

- Áfram verður tryggð verðmyndun með 2, 5 og 10 ára markflokka.
- Fjárpörf næstu ára getur að hluta verið mætt með erlendri lántöku eða með því að nýta gjaldeyriseign ríkissjóðs í Seðlabanka.
- Viðmið fyrir samsetningu lánasafns ríkissjóðs í heild verður óbreytt; erlend lán 15-25% af lánasafni, hlutur óverðtryggðra lána 50-70% af lánasafni og hlutur verðtryggðra lána 20-30% af lánasafni.
- Skýrt skilgreind græn og sjálfbær verkefni hér á landi kunna að verða fjármögnuð með útgáfu svokallaðra grænna (sjálfbærra) ríkisskuldabréfa. Uppfærður sjálfbær fjármögnunarrámmi ríkissjóðs birtur á fyrsta ársfjórðungi.



# Innlend lántaka

- Áhersla er á útgáfu óverðtryggðra ríkisbréfa til að mynda grunn að virkum skuldabréfamarkaði innanlands.
- Verðtryggð útgáfa ríkisbréfa er óregluleg og ræðst af lánsfjárförf og aðstæðum á hverjum tíma.
- Uppbygging markflokka ríkisbréfa miðar að því að hver flokkur verði nægilega stór til að tryggja virka verðmyndun á eftirmarkaði.
- Árlega verður tryggt að virk verðmyndun verði með 2, 5 og 10 ára markflokka ríkisbréfa.
- Til að draga úr endurfjármögnunaráhættu er stefnt að því að endurgreiðsluferill ríkisverðbréfa verði sem jafnastur.
- Þá er stefnt að því að meðallánstími verði að lágmarki 5 ár en að hámarki 7 ár.



# Erlend lántaka

- Stefnt er að reglulegri útgáfu markaðsskuldabréfa ríkissjóðs á alþjóðlegum mörkuðum sem höfði til breiðs hóps fjárfesta.
- Leitast skal við að halda úti viðmiði í markaðsútgáfum á hverjum tíma til að greiða fyrir aðgengi innlendra fyrirtækja að erlendu lánsfé og veita mikilvægt viðmið fyrir lánskjör.
- Lán í erlendum gjaldmiðlum hafa fyrst og fremst verið tekin til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka eða endurfjármagna útistandandi lán.
- Erlendar lántökur eða hagnýting á gjaldeyriseign geta einnig verið nýttar í að fjármagna rekstur ríkissjóðs.



# Sjálfbær / græn fjármögnun

- Skilgreind verkefni kunna að verða fjármögnuð með útgáfu s.k. grænna (sjálfbærra) ríkisskuldabréfa, innanlands eða erlendis.
- Slíkri útgáfu er ætlað að senda skýr skilaboð um mikilvægi umhverfismála og hvernig fjármálamarkaður getur beitt sér til að takast á við loftslagsvána.
- Eins og hefðbundin útgáfa nema fjármunir renna í skýrt skilgreind verkefni sem styðja við markmið um sjálfbærni.
- Aukin meðvitund um loftslags- og umhverfismál og félagslegar áskoranir.
- Sjálfbær fjármögnunarrammi birtur í september 2021 – unnið er að uppfærslu.
- Eftirfylgni og rík upplýsingagjöf til fjárfesta.

# Sjálfbær fjármögnunarramma ríkissjóðs



- Fjármála- og efnahagsráðuneytið gaf út ramma um sjálfbæra fjármögnun í september 2021.
- Ríkisstjórnin hefur sett sér skýr markmið um sjálfbærni og tekið á sig alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum.
- Ramminn var vottaður af CICERO Shades of Green og græn verkefni sem fjármögnuð verða undir rammanum fékk dökkgræna einkunn.
- Einkunnin gefur til kynna að verkefni sem á að fjármagna stuðli að langtímasýn í átt að lág-kolefna framtíð og aðlögun að loftslagsbreytingum.





# Verkefni sem falla undir rammann


Skuldabréf sem gefin eru út undir sjálfbærum fjármögnunarramma fjármagna skilgreind útgjöld ríkissjóðs sem falla í þrjá flokka:

1. Græn verkefni (loftslags- og umhverfismál); t.d. innviðir fyrir rafhjól og reiðhjól, orkuskipti í bílaflota og þungaflutningum, grænar byggingar, varnir gegn snjóflóðum og náttúruvá, aðlögun að hringrásarhagkerfinu, endurheimt votlendis o.fl.
2. Blá verkefni (loftslags- og umhverfismál tengd hafinu, sjávarútvegi og tengdum greinum); t.d. rafvæðing hafna, orkuskipti skipa og ferja, átak í fráveitumálum o.fl.
3. Félagsleg verkefni; t.d. félagslegt húsnæði, sjúkrarými, atvinnusköpun m.a. COVID tengd útgjöld sem stuðningur við samfélagið og atvinnulífið o.fl.



# Upplýsingagjöf

- Stefna í lánamálum (til 5 ára)
- Ársáætlun
- Ársfjórðungsáætlun
- Útboðsdagar næsta árs
- Niðurstöður útboða
- Markaðsupplýsingar
- [www.lanamal.is](http://www.lanamal.is)
- [www.fjr.is](http://www.fjr.is)
- Fjárlög / fjármálaáætlun








# Ársáætlun í lánamálum 2023

- **Útgáfa ríkisbréfa 2023**


- Lánsfjárförf 155 ma.kr.
- Heildarútgáfa 140 ma.kr. (160 ma.kr. 2022) – Nettó 55 ma.kr. (65 ma.kr. 2022).
- Gefnir verða út tveir nýir flokkar; RB 36 og RB 26.
- Áætlun fyrir 1. ársfjórðung 30-50 ma.kr.
- Útgáfa ársins fer vel af stað; 16 ma.kr. að söluvirði í fyrsta útboði 6/1.



## Skuldir hins opinbera u.þ.b. að ná hámarki


Skuldir hins opinbera fóru undir viðmið skuldareglu, sem segir að skuldir skulu vera undir 30% af VLF, í árslok 2018.

Þær námu um 40,5% um síðustu áramót og eru áætlaðar 41% við lok gildandi fjármálaáætlunar.



## Skuldir Íslands í meðallagi í samanburði við önnur Evrópuríki


Skuldir hins opinbera voru um 2 prósentustigum yfir meðaltali annara Evrópuríkja sem stóð í 73% í árslok 2021 (miðgildi 65%).



## Lífeyrissjóðir eru stærstu eigendur innlendra ríkisskuldabréfa

Lífeyris-, verðbréfa-, og fjárfestingasjóðir eiga 59% af útistandandi innlendum ríkisskuldabréfum.

Um 6% eru í eigu erlendra aðila.



## Endurgreiðsluferill skulda ríkissjóðs


Leitast er við að hafa  
endurgreiðsluferilinn sem  
jafnastan.

Gert er ráð fyrir  
endurfjármögnun evrubréfa  
árin 2024, 2026 og 2028.





## Ávöxtunarkrafa í skuldabréfaútboðum ríkissjóðs




● RIKB 17 0206 ● RIKB 20 0205 ● RIKB 25 0612 ● RIKB 31 0124 ● RIKS 33 0321 ● RIKB 10 0317 ● RIKB 10 1210  
● RIKB 11 0722 ● RIKB 12 0824 ● RIKB 13 0517 ● RIKB 14 0314 ● RIKB 15 0408 ● RIKB 16 1013 ● RIKB 19 0226  
● RIKB 22 1026 ● RIKS 21 0414 ● RIKS 30 0701 ● RIKB 28 1115 ● RIKS 26 0216 ● RIKB 21 0805 ● RIKB 23 0515  
● RIKB 24 0415 ▲ RIKS 37 0115 ▲ RIKB 42 0217 ● EUR-útgáfa ● USD-útgáfa

# Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa hefur hækkað hratt undanfarin 2 ár

Eftir nær samfellda lækkun  
ávöxtunarkröfu frá árinu 2009  
til ársins 2020 hefur hún  
hækkað á ný.

Helst væntingar um minni  
verðbólgu og minni útgáfa  
gæti þrýst óverðtryggðu  
vöxtunum niður á ný.




# Vaxtagjöld hækka á ný

Mikið var gefið út árin 2020 og 2021 þegar vaxtastig var lágt.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa rúmlega tvöfalt hærri nú en hún var lengst af árið 2020.

Verðbætur mjög sveiflukenndar á milli ára og hafa bein áhrif á afkomu ríkissjóðs.



## Vaxtagjöld í erlendum samanburði eru há

Ekki fullkomlega samanburðarhæft á milli landa þó Eurostat reyni að gæta samræmis.

Gjaldfærðar verðbætur hafa sérstaklega mikil áhrif á sveiflur á milli ára á Íslandi.



# Lánshæfi ríkissjóðs

- Vorið 2019 tók FJR við því hlutverki að vera í samskiptum við lánshæfismatsfyrirtæki frá Seðlabanka Íslands
- LT einkunnir ríkissjóðs hafa haldist óbreyttar á síðasta ári hjá Moody's, S&P og Fitch Ratings (Fitch breytti horfum úr neikvæðum í stöðugar).

	Einkunn	Horfur	Tilkynnt
Moody's	A-2	Stöðugar	nóv.19
S&P	A	Stöðugar	mar.17
Fitch	A	Stöðugar	mars.22



# Bætt láns hæfi

Ráðstafanir í efnahags- og ríkisfjármálum, stefnufesta, hröð niðurgreiðsla skulda og afnám gjaldeyrishafta, hafa átt sinn þátt í hagstæðri þróun láns hæfismats.

Bætt láns hæfi leiðir að óbreyttu til bættra vaxtakjara ríkissjóðs og innlendra aðila á erlendum fjármagnsmörkuðum.

# ► Betri vaxtakjör

Áfram verður unnið að því meginmarkmiði í skuldastýringu að lágmarka fjármagnskostnað ríkissjóðs og styrkja fjárhagsstöðu hans með niðurgreiðslu skulda, endurfjármögnun á hagstæðari kjörum og forgreiðslum inn á ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar.



# Takk fyrir

**Stjórnarráð Íslands**  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið